



Bæjarráð Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabæ,

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	30.10.20
Málalykill	1040
Mál nr.	20105b6

Garðabær 27.10.2020

Efni: Áhyggjur af aukinni umferð á „flóttamannaleið“

Á síðustu árum hefur umferð um hina svokölluðu Flóttamannaleið aukist verulega. Á það bæði við um fólk í útivist, gangandi, hjólandi en þó mest bílaumferð sem nýtir sér þennan gamla veg til að stytta sér leið milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Nú stýttist í að opnað verði á tengingar úr Urriðaholti inn á þennan veg sem mun bæta enn við hættuna sem felst í þessum vegi. Í frétt í Morgunblaðinu frá 23. september síðastliðnum lýsir formaður bæjarráðs Hafnarfjarðar mikilli uppbyggingu sem er fyrirhuguð í Skarðshlíð ásamt uppbyggingu Ásvallabrautar sem tengist hringtorgi við syðri enda Flóttamannaleiðar. Án efa mun opnun þessa nýja vegar auka enn á umferð um veginn með tilheyrandi aukinni hættu fyrir þá sem um hann fara.

Stjórn Golfklúbbsins Odds hvetur bæjarráð Garðabæjar til að bregðast við þessum mikla gegnum akstri með þeim aðferðum sem duga, til þess að tryggja öryggi þeirra sem nýta sér veginn og útivistarparadísina í Heiðmörk

Fh Stjórnar Golfklúbbsins Odds

Kári Sölmundarson
Formaður



Morgunblaðið Sigurður Bogi

Ásvallabraut Hringtorgið er tilbúið en nú á að leggja veg yfir heiði sem verður tenging við Kaldárselsveg, Ásland, Setberg og Reykjanesbraut

Úthluta lóðum fyrir 1.000 íbúðir í Hamranesi

● Framkvæmdir í nýju hverfi ● Byggingarland til framtíðar í Hafnarfirði

Framkvæmdir eru nú hafnar við gatnagerð og lagnir í Hamraneshverfi í Hafnarfirði. Þegar er búið að úthluta og gefa vilyrði fyrir lóðum með um 1.000 íbúðum í hverfinu. Þar með talið eru 152 íbúðir sem Bjarg, húsnæðisfélag verkálýðshreyfingarinnar, ætla að reisa. Þá hefjast framkvæmdir við fjölmörg önnur fjölbýlishús í hverfinu á næstunni en lóðirnar eru eftirsóttar, segir Ágúst Bjarni Garðarsson, formaður bæjarráðs Hafnarfjarðar.

Vellir, Skarðshlíð og Hamranes eru syðst í Hafnarfirði; sunnan og



Ágúst Bjarni Garðarsson

vestan við Ásfjallið. Vallahverfið er því sem næst fullbyggt og byggð og mannlíf í Skarðshlíð dafnar. Gert er ráð fyrir um 1.500 íbúum í Skarðshlíð, sem verður fullbyggð innan fárra ára. Því er byrjað að brjóta land undir byggingar í Hamraneshverfi, þar sem verða um 1.200-1.500 íbúðir og íbúar í því fullbyggðu verða um 4.000 talsins.

Að mörgu þurfti að huga áður en jarðvegsframkvæmdir og úthlutun lóða í Áslandshverfi hófst, s.s. að fiera háspennulinur til bráðabirgða. Þá þurfti að ganga frá hönnun Ásvallabrautar, sem tengir saman Vallahverfi og Ásland. Framkvæmdir við vegagerðina hófust nú síðsumars og á ljúka á næsta ári.

Með brautinni nýju verða byggðir sitthvorumegin Ásfjalls tengdar saman, þ.e. úr Hamrahlið og Skarðshlíð og af Völlum verður greið leið á Kaldárselsvegi og Reykjanesbraut. Ásvallabraut verður ein akreini í



Morgunblaðið Sigurður Bogi

Skarðshlíð Góður gangur í framkvæmdum og byggðin öðlast svip.

hvora átt með möguleika á breikkun í tvær akreinar í hvora átt. Börn úr Hamraneshverfi munu sækja Skarðshlíðarskóla, en reistur verður skóli fyrir hverfið nýja þegar þörf og aðstæður skapast í fyllingu tímans.

Þétting í grónum hverfum

„Við erum stöðugt að úthluta lóðum í Skarðshlíð og ánægjulegt að sjá hve vel uppbyggingin þar gengur. Segja má að allt hafi farið á fulla ferð þegar raflínurnar voru loks færðar og framkvæmdir við Ásvallabraut samþykktar,“ segir Ágúst Bjarni Garðarsson. „Bæjarfélagið er í þeirri góðu stöðu, eitt fárra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, að eiga talsvert byggingarland til náninnar framtíðar. Samhlíða þessu erum við í þéttingarverkefnum í grónum hverfum í bænum sem eru langt komin í skipulagsferli. Það hefur gengið vel að hjá okkur að skipuleggja byggð fyrir íbúa framtíðarinnar það sem af er kjörtímabili.“

